

Fundargerð *Stjórnarfundur nr.47*

Stjórnarfundur Norðurár bs. haldinn í Þjónustuhúsinu að Stekkjarvík, þriðjudaginn 24. mars 2012, kl. 14.00

Mætt voru Magnús B. Jónsson, Gísli Árnason, Jón Sigurðsson og Fannar Viggósson, starfsmaður Norðurár bs. Ólöf Jósefsdóttir áheyrnarfulltrúi var í símasambandi


Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Rekstraryfirlit/ársreikningur 2011
3. Eftirlitsskýrsla UST 11.11.2011
4. Neyðaráætlun um urðun úrgangs
5. Verklagsreglur fyrir móttöku á asbesti
6. Svæðisáætlun fyrir Norðurland
7. Minnisblað um urðun sláturúrgangs
8. Bréf UST - Leiðbeiningar um móttöku á úrgangi
9. Starfsmannahald
10. Viðhald og rekstur véla og tækja
11. Grænt bókhald
12. Heimasíða fyrir starfsemina
13. Aðalfundur félagsins
14. Önnur mál

Í upphafi fundar voru skoðaðar aðstæður í urðunarhólfi en leysingarvatn rennur inn í kerfið, sem eykur verulega útrennsli fyrir neðan fellitanka. Gunnar Svavarsson mun koma með tillögur til úrbóta.

Formaður, Magnús B. Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt og undirrituð.
2. Rekstur / ársreikningur 2011.
Óendurskoðaður ársreikningur ársins 2011 lagður fram til kynningar.
3. Eftirlitsskýrsla UST 11.11.2011
Eftirlitsskýrsla Umhverfisstofnunar lögð fram til kynningar. Viðbrögð við þeim athugasemdum, sem fram koma í skýrslunni, liggja fyrir fundinum.



4. Neyðaráætlun um urðun úrgangs.
Samþykkt neyðaráætlun fyrir svæðið. Í henni kemur fram að heimilt er að flytja sorp til urðunar hjá Sorpurðun Vesturlands, komi til tímabundinnar stöðvunar á urðun hjá Norðurá bs.
Einnig samþykkt gagnkvæm yfirlýsing milli Norðurár og Sorpurðunar Vesturlands um flutning sorps til urðunar milli staða, komi til óvæntrar stöðvunar á öðrum hvorum staðnum.
5. Verklagsreglur fyrir móttöku á asbesti samþykktar.
6. Svæðisáætlun fyrir Norðurland.
Samningur um gerð svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Norðurlandi lagður fram til kynningar.
7. Minnisblað um urðun sláturúrgangs.
Lagt fram minnisblað um gerð urðunarhólfs fyrir urðun sláturúrgangs. Gert er ráð fyrir að farga þurfi um 800 tonnum af sláturúrgangi á starfssvæði Norðurár bs. Ákveðið að funda með fulltrúum Flokkunar Eyjafjarðar og Moltu um málið um mánaðarmótin apríl- maí.
8. Bréf UST - Leiðbeiningar um móttöku á úrgangi.
Lagt fram til kynningar bréf frá Umhverfisstofnun er varða leiðbeiningar um móttöku úrgangs á urðunarstöðum.
9. Starfsmannahald.
Sbr. samþykkt 46. fundar. Starfsmaður félagsins, Fannar Viggósson, fór yfir umfang starfsemi félagsins það sem af er, viðhald, viðgerðir og öryggismál og þörf fyrir annan starfsmann. Stjórnin samþykkir að ráða Jón Rögnvaldsson til starfans ef um semst.
10. Viðhald og rekstur véla og tækja.
Fannar lagði fram upplýsingar um viðhald á troðara félagsins. Endurnýja þarf gadda á hjólum og legur og fódringar á miðju. Kostnaður við varahluti á fjórðu milljón. Fyrir fundinum liggur tilboð um notaðan troðara frá OK-gámaþjónustu, verð 4 milljónir. Samþykkt að ganga að þessu tilboði með fyrirvara um jákvæða skoðun á troðaranum.
11. Grænt bókhald.
Rætt um grænt bókhald með tilliti til skila á upplýsingum til Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí næstkomandi. Formanni falið að vinna að málinu.
12. Heimasíða fyrir starfsemina.
Samþykkt að félagið hafi eigin heimasíðu. Aflað verði frekari upplýsinga um kostnað.

13. Aðalfundur félagsins

Ákveðið að halda aðalfund félagsins föstudaginn 11. maí næstkomandi.

14. Önnur mál

- a. Rætt um meindýraeyðingu á svæðinu, þ.e. að halda fuglum í skefjum, og þann kostnað, sem mögulega hefur fallið á starfsmann félagsins af þeim sökum.
- b. Rætt um möguleika félagsins á að koma upp einhvers konar skemmu á urðunarstaðnum fyrir losun sorps, í þeim tilfellum þegar ekki er unnt að urða vegna veðurs.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16.30

Fundargerð ritaði Gísli Árnason